

# Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 27. nóvember 2024

Mál nr. S-253/2024:

## Lögrelustjórinn á Suðurlandi

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

gegn

X

(Sverrir Sigurjónsson lögmaður)

### Dómur

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. september 2024, var höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á Suðurlandi 19. apríl sama ár á hendur X

#### *fyrir umferðarlagabrot*

með því að hafa, að kvöldi föstudagsins 7. júlí 2023, ekið bifreiðinni [...] um Fossnes við [...] á Selfossi, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,95 ‰).

Í ákæru er brotið talið varða 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið var þingfest hinn 30. maí 2024 og mætti ákærði í gegnum fjarfundabúnað og óskaði eftir skipun verjanda. Er málið var tekið fyrir að nýju 13. júní sama ár var upplýst af hálfu verjanda að ákærði neitaði sök. Kom ákærði fyrir dóminn í gegnum fjarfundabúnað við aðalmeðferð sem fram fór þann 23. september 2024 og var afstaða hans óbreytt. Að lokinni aðalmeðferð þennan dag var málið tekið til dóms. Var málið tekið upp að nýju eins og síðar greinir, sbr. 168. gr. laga nr. 88/2008, og dómtekið að nýju þann 30. október 2024.

Af hálfu lögreglustjóra eru gerðar þær kröfur sem að framan greinir. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara að honum verði gerð vægasta refsing er lög leyfa. Af hálfu ákærða er krafist að sakarkostnaður og þóknun verjanda verði greidd úr ríkissjóði.

## II.

Í skýrslu lögreglu sem fyrir liggur kemur fram að þann 7. júlí hafi borist tilkynning frá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra þess efnis að maður sýndi ógnandi hegðun í garð öryggisvarða við svonefnt Kótilettsvæði við [...]. Hafi fylgt tilkynningunni að maðurinn væri talinn vera ölvaður og hafi komið ölvaður á vettvang. Skýrsluritari ásamt öðrum lögreglumanni hafi farið á vettvang á lögreglubifreið með forgangi. Á vettvangi hafi lögreglumenn hitt A og B sem beint hafi lögreglumönnum að manni sem hafi verið sjáanlega í annarlegu ástandi. Þau hafi sagt hann hafa komið akandi á bifreiðinni [...] og hafi sýnt ógnandi hegðun í garð A eftir að hún hafi haft afskipti af honum þar sem hann hafi setið í bifreiðinni og að hann hefði einnig ýtt í hana. Lögreglumenn hafi gefið sig á tal við manninn sem ekki hafi viljað segja til nafns né framvísa persónuskilríkjum. Þá hafi vaknað grunur um að hann væri undir áhrifum áfengis og hefði verið að aka bifreiðinni [...] samkvæmt framburðum vitna. Hafi því verið ákveðið að handtaka manninn. Áhöfn lögreglubifreiðar XXX hafi komið á vettvang og aðstoðað við handtökuna. Hann hafi verið færður í lögreglutök og þá rekist utan aðra bifreiða og hliðarspegill á henni brotnað. Maðurinn hafi verið færður í handjárn og inn í lögreglubifreið. Honum hafi verið kynnt réttarstaða sakaðs manns en ekki víst að hann hafi skilið það vegna ástands. Hafi hann verið fenginn til að gefa öndunarsýni í intoximeteráfengismæli sem gefið hafi jákvæða niðurstöðu. Þegar maðurinn hafi verið beðinn um að blása í rör á mælinum svo nákvæmari niðurstaða fengist á ástandi hans hafi hann neitað því. Maðurinn hafi verið ör í fasi, þurr í munnni, sýnt ógnandi hegðun og talað samhengislaust. Hafi þá vaknað grunur um að hann væri einnig undir áhrifum ávana- og fíkniefna en hann hafi ekki viljað gefa munnvatnssýni. Maðurinn hafi verið færður á lögreglustöðina á Selfossi þar sem hjúkrunarfræðingur hafi dregið úr honum blóð í þágu rannsóknar. Hafi það verið gert í þrígang með klukkustundar millibili. Maðurinn hafi ekki sýnt samstarfsvilja þegar blóðsýni skyldi taka og hafi lögregla þurft að halda honum á meðan rétt fyrir miðnætti 7. júlí og til að verða kl. 2 um nóttina. Maðurinn hafi verið

vistaður í klefa en neitað að rita undir upplýsingablað handtekinna manna. Þann 8. júlí hafi verið tekin skýrsla af manninum sem reynst hafi verið X ákærði í málinu, en að henni lokinni hafi honum verið ekið heim. Í skýrslu lögreglu segir einnig að eftirlitsmyndavélar séu á húsnæði [...] sem beinist að bílplaninum. Þá kemur fram að bifreiðin [...] hafi verið skilin eftir á bifreiðastæði við [...].

Samantekt af skýrslu sem ákærði gaf hjá lögreglu þann 8. júlí 2023 liggur fyrir í málinu. Segir þar að honum hafi verið kynnt sakarefnið sem varðað hafi ætlaða ölvun við akstur, það að hlýða ekki fyrirmælum lögreglu og að neita að segja til nafns. Segir í samantektinni að ákærði hafi alfarið neitað sök. Hann hafi ekki ekið bifreiðinni ölvuður umrætt sinn. Enginn hafi ekið bifreið hans umrætt sinn. Bifreiðinni hafi hann verið búinn að leggja fyrir einhverju síðan fyrir utan vinnustað sinn [...] þar sem hann hafi verið við vinnu sína fyrr um daginn. Hafi ákærði aðspurður ekki muna eftir að hafa ýtt við konu umrætt sinn, þeirri sem tilkynnt hafi. Hann hafi farið á tónleika á „Kótilettusvæðinu“ og neytt þar áfengis. Hann hafi lítið munað eftir hvað gerst hefði og atburðir svo gerst hratt þegar fjölda lögreglumanna hafi borið að og handtekið hann. Hafi hann gert athugasemdir við framgöngu lögreglu og verið kynnt úrræði vegna þess.

Í málinu liggur fyrir skýrsla lögreglu um efni framburðar sem fenginn hafi verið í gegnum síma af A þann 7. september 2023. Er eftir vitninu haft að hún hafi verið við gæslustörf vegna „Kótilettunnar“ á Selfossi og verið stödd við [...] þegar ljósgrárri bifreið hafi verið ekið inn á planið og lagt þvert við bensíndælurnar svo aðrar bifreiðar hafi ekki komist nálægt dælunum. Hún hafi þá gengið að bifreiðinni og út hafi komið maður sem talaði ensku. Hann hafi sjáanlega verið í annarlegu ástandi og verið mjög æstur. Sagðist hún hafa beðið hann að færa bifreiðina en hann hafi þá byrjað að öskra á hana og ýtt við henni. Því næst hafi hann tekið upp myndavélasíma og byrjað að taka allt upp sem verið hafi í gangi á svæðinu. Sagði hún manninn hafa verið orðinn mjög „agressivur“ og yfirmaður hennar þá sagt henni að hringja í neyðarlínu eftir aðstoð lögreglu. Vitnið hafi sagt að maðurinn hafi ekki neytt áfengis né fíkniefna eftir að hann hafi stigið út úr bifreiðinni og þangað til lögregla hafi fært hann af svæðinu.

Fyrir liggur niðurstaða Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði og dagsett er 26. október 2023. Er hún á þá leið að þrjú sýni rannsókuð með gasgreiningu

hafi leitt í ljós alkóhól í blóði 1,95 ‰, 1,89 ‰ og 1,70 ‰. Rannsóknir á sýnum vegna annarra efna leiddu ekki ljós amfetamín eða kókaín. Í bréfi Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði til lögreglustjóra frá 30. október 2023 er farið nánar yfir niðurstöður alkóhólsmælingar. Er fyrst farið yfir mælingar þær sem fyrir liggja og almennum orðum um slíkar mælingar og hvernig mæla megi styrk etanóls og hversu hratt hann falli. Segir í bréfinu að þegar litið sé á niðurstöðurnar að etanólstyrkur hafi náð eða sé að ná hámarki þegar fyrsta blóðsýnið hafi verið tekið, þ.e. kl. 23:51. Það styðji niðurstöður úr síðari blóðsýnunum. Minni brotthvarfshraði milli fyrsta og annars blóðs, þ.e. 0,06 ‰ á klst.  $((2,10-2,04)*60/64)$  en milli annars og þriðja blóðs, þ.e. 0.17 ‰ á klst.  $((2,04-1,85)*60/66)$  bendi til frásogs etanóls úr meltingarvegi hafi klárast milli töku fyrsta og annars blóðsýnis. Styrkur etanóls í blóði viðkomandi hafi sennilega verið vaxandi frá því að akstri lauk kl. 23:05 og fram til eða jafnvel fram yfir kl. 23:51, þegar fyrsta blóðsýnið hafi verið tekið. Segir í bréfinu að samkvæmt framangreindu hafi áfengisneysla við komandi, sem farið hafi fram að mestu fyrir akstur og lokið í síðasta lagi meðan á akstri hafi staðið um kl. 23, valdið því að hlutaðeigandi hafi þá a.m.k. verið undir áhrifum áfengis, þ.e. um 50 mínútum fyrir töku fyrsta blóðsýnis eða um kl. 23:05.

### III.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundabúnað í hljóði og mynd með aðstoð túlks í dómsal. Þá gáfu skýrslu A, B og lögreglumenn sem á vettvang komu nr. 2447 og H1795.

Ákærði bar fyrir dómi að hann hafi umrætt sinn 8. júlí 2023 verið á leiðinni í bæinn Selfoss. Hann hafi verið með vini í bílnum og beðið hann að stoppa því hann væri með þvott. Þegar hann hafi farið út úr bílnum hafi hann heyrt konu öskra á sig. Bíllinn hennar hafi staðið hinu megin við þeirra bíl. Ákærði kvað vin sinn sem hann nefndi á nafn hafa ekið bílnum inn á planið. Mundi hann að lögreglan hafi haft afskipti af honum en hann hafi verið mjög ölvaður og frekar æstur. Spurður um hvort hann hafi neitað að gefa upp nafn kvað hann lögreglu hafa viljað sjá skilríki en þau hefði hann ekki haft meðferðis. Spurður út í skýrslu lögreglu kvað ákærði sig hafa verið þreyttan og ölvaðan og mundi ekki hvað hann hefði sagt. Hann hafi farið í skýrslutöku eftir að hafa gist fangageymslu. Spurður um af hverju hann hafi ekki vísað lögreglu á ökumann ef hann hafi ekki verið

að aka endurtók ákærði að hann hefði verið þreyttur og myndi ekki hvað hann hefði verið að segja.

Vitnið A kvað hana og annan mann hafa verið að vakta þarna hjá [...]. Bíl hafi verið ekið inn á og honum lagt á milli þar sem bensíndælurnar séu og bílar upp á. Út hafi stigið maður, tekið upp síma og byrjað að mynda sig. Hann hafi talað ensku, sagst vera eigandi [...] og að hann mætti leggja þarna. Þau hafi beðið manninn að færa bílinn en þá hafi hann farið að hóta og verið æstur. Um þremur mínútum seinna hafi yfirmaður vitnisins, B, komið og talað við manninn sem enn hélt á síma sínum og tók myndir. B hafi beðið um að hringt yrði í lögreglu sem vitnið hafi gert og tilkynnt um mann í annarlegu ástandi og með hótanir. Lögreglumenn á tveimur bílum hafi komið, handtekið manninn og hafi þá hliðarspegill á bíl B brotnað. Annar maður hafi verið með vitninu í bíl, ekki B sem hafi komið síðar. Vitnið lýsti bíl mannsins sem dökkgráum [...] og að ökumaðurinn hafi verið einn í honum. Vitnið hafi séð hann aka inn á planið. Vitnið lýsti því svo að bifreiðin sem hún hafi verið í hafi verið við [...], snúið að dælunum og götunni. Þau hafi séð bílana sem lagt sé við [...] upp á, við götuna. Bifreiðinni umræddu hafi verið ekið inn á milli þar sem bílunum sé lagt og [...]. Vitnið hafi verið við hliðina á húsinu og horft á dælurnar – bílinn hafi komið frá Selfossi. Hann hafi komið vinstra megin frá inn á planið, frá Selfossi. Hún hafi labbað í áttina að manninum, hann þá bölvað og sagst vera eigandi [...]. Hann hafi ekki getað sýnt gögn um það og hún beðið hann um að fara á bílnum en ekki hafi mátt leggja þarna vegna hátíðarhalda sem í gangi voru. Aðspurð útilokaði vitnið að annar maður hafi ekið, maðurinn hafi komið út úr öikumannssætinu á þeirri hlið sem snúi að [...]. Sá sem handtekinn hafi verið af lögreglu hafi verið sá sem bílnum ók.

Í framburði lögreglumanns nr. 2447 kom fram að lögregla hefði verið kölluð að [...] á Selfossi. Maður hafi komið akandi og verið með leiðindi við starfsmenn sem sinntu gæslu við „Kótilettsvæðið“. Rætt hafi verið við manninn og starfsmenn sem sögðu hann hafa komið akandi. Maðurinn hafi neitað að segja á sér deili. Annar lögreglubíll hafi komið og maðurinn verið handtekinn og færður á stöð. Maðurinn hafi verið einn og enginn annar samkvæmt vitnunum. Maðurinn hafi ekki bent á annan ökumann bílsins. Aðspurt kvað vitnið ekki hafa skoðað bifreiðina en hún hafi ekki verið í gangi. Mundi vitnið ekki hvernig bifreiðin hefði snúið. Lögregluskýrsla var borin undir vitnið sem staðfesti hana.

Lögreglumaður sem þá var nr. h1795 gaf skýrslu um að hafa komið upp að [...] þar sem bleikur tankur sé á bílplaninu en þar hafi maður staðið. Reynt hafi verið að ræða við hann vegna gruns um akstur undir áhrifum, en hann hafi ekki gefið upp nafn. Þeir hafi reynt að fá hjá honum skilríki. Hafi verið ákveðið að handtaka manninn. Bar vitnið um að fólk í gulum vestum sem hittist fyrir á planinu hefði bent lögreglu á manninn sem hefði komið akandi og verið ögrandi gagnvart einni manneskju á staðnum. Spurt um hvort fleiri hefðu verið í bílnum kvað vitnið ekki hafa séð bílinn fyrr en maðurinn hefði verið handtekinn og ekki séð þegar maðurinn hafi komið á bílnum. Vitnið hafi aldrei séð manninn í bílnum. Vitnið greindi frá því að teknir hefðu verið bíllyklar af manninum og að vitnið hafi fært bílinn á stæði og læst, en fyrst hafi bíllinn verið við dælurnar. Mundi vitnið ekki hvernig bíllinn hefði snúið og ekki viss um hvort hann hafi verið í gangi, en hann hafi þó verið með lyklana.

B kvaðst í framburði fyrir dómi muna eftir atvikinu. Kallað hefði verið á sig í talstöð um að átök hafi verið fyrir utan. Vitnið hafi komið á svæðið og maður þar verið æstur. Vitnið hafi ákveðið að hringja í lögreglu, sem hafði handtekið manninn, aðrir hefðu verið á svæðinu en vissi ekki hvort þeir væru með umræddum manni. Aðspurður kvað vitnið þann hafa verið handtekinn sem samstarfskona hefði bent á. Vitnið hefði ekki skoðað bílinn og ekki séð manninn koma akandi. Bíllinn hafi verið við dælurnar en vitnið mundi ekki hvernig hann hefði snúið.

Málið var dómtekið 23. september síðastliðinn, en með vísan til 1. mgr. 168. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, var málið tekið upp að nýju þann 14. október af því tilefni að við aðalmeðferð kom fram hjá verjanda að til væri myndskaið af vettvangi þann 7. júlí 2023 sem skipt gæti máli. Taldi dómari rétt að gagn það yrði lagt fram sem verjandi hlutaðist til um. Töldu dómari og sakflytjendur rétt að kalla til þann sem ákærði bar um að hefði ekið bifreiðinni og þann mann annan sem vitnið A kvað hafa verið á vettvangi. Hinn 30. október gaf ákærði skýrslu að nýju auk C og D. Gaf A einnig skýrslu að nýju.

Ákærði vildi ekki breyta eða bæta við fyrri framburð, en aðspurður hvað hann hafa verið á leið heim að Selfossi frá Geysi. Hann hefði hitt konu sem afskipti hefði haft af honum

þegar hann hafi verið kominn út úr bifreiðinni. Þeir hafi stoppað á umræddum stað til að klára þvott af vinnufötum.

Í skýrslu C kom fram að á umræddum tíma á laugardegi í júlí sennilega 9. þess mánaðar um nótt að hann minnti hafi þeir X verið í skoðunarferð um nótt og hafi verið að aka frá Reykjavík á litlum gráum [...] bíl. Þeir hafi stoppað á bílastæðinu þar sem vitnið hafi viljað fara á salerni, en hafi farið hinu megin götunnar til að pissa. Þegar hann kom til baka hafi hann séð vin sinn í rifrildi við fólk og til að forðast misskilning og vesen hafi hann farið heim. Hann hafi séð vin sinn æstan og viljað fara heim. Þetta hafi ekki verið lögregla heldur fólk í einhverjum vestum. Hafi labbað um 10 mínútur og heim að sofa. Vitnið hafi ekið og bifreiðin skilin eftir þar sem þeir hafi stoppað, vinur hans hafi tekið bíllykilinn og athugað þvott á vinnufötum. Vitnið kvaðst hafa búið á sama stað og vinur sinn á [...]. Þeir hafi stoppað á leiðinni frá Reykjavík til Selfoss á nokkrum stöðum til að skoða og nefndi foss. Þeir hafi ekið beina leið frá Reykjavík, vinurinn hafi verið ölvaður og því ekið beint á Selfoss. Þegar hann hafi lagt bílnum á planinu hafi bifreiðin snúið þannig að framljósinn hafi beinst að Selfossi. Planið það sem honum hafi verið lagt hafi verið við byggingu, [...] og margir bílar þar. Vitnið mundi ekki alveg hvar bensínstöðin hefði verið en nálægt og bifreiðinni hefði verið lagt 5-10 metrum frá dælum að hann hélt. Þarna hafi verið vinnustaður vinar síns. Mundi vitnið ekki af hverju hann hefði komist á salerni þar. Lýsti vitnið aðspurður að hann væri [...].

D kvaðst fyrir dómi þekkja málið, en á umræddum tíma hafi hann verið með A við Selfoss að vakta svæði hjá [...] að hann hélt þar sem einnig [...] en þar hefði ekki mátt stöðva. Varðandi ölvunarakstur kvað vitnið muna eftir að einn maður hafi komið, vitnið hafi sagt honum að ekki mætti stoppa þar, svo hafi maðurinn þráast við, farið úr bílnum og átt orðaskipti við sig. Þegar hann hafi komið úr bílnum hafi hann virst ætla efna til slagsmála, en þá hafi vitnið farið aftur í bílinn og vildi að A talaði við hann. Einn maður hafi verið í bílnum og lýsti vitnið honum sem [...]. A hafi farið og talað við hann en maðurinn hafi ætlað að berja hana, þá hafi verið kallað á yfirmann þeirra sem hafi komið og reynt að útskýra að ekki mætti stoppa þarna en maðurinn hafi brugðist illa við. Eftir það hafi yfirmaðurinn beðið A að kalla til lögreglu. Vitnið gat ekki lýst bílnum en hann hafi verið lítill. Aðspurður kvaðst vitnið hafa séð bílinn koma þar sem vitnið var við [...], bílinn hafi komið frá Selfossi og inn [...] hægra megin, einn maður hafi ekið og vitnið

hafi séð hann koma. Nánar spurður kvað vitnið manninn hafa verið kominn út úr bílnum þegar vitnið hafi talað við hann. Hann hafi ekið og verið einn í bílnum og komið vinstra megin út úr bílnum. Kvað vitnið bifreiðina hafa snúið þannig að ljósinn stefndu í átt að leiðinni til Reykjavíkur. Þau hafi síðan verið að vakta svæðið í tvo daga og bíllinn verið í sömu stöðu. Vitnið hafi farið upp að bílnum og ökumaðurinn þá verið kominn út og verið að loka dyrum bílsins. Kvað vitnið A hafa verið fyrir framan bíllinn sem þau voru á, vitnið hafi síðan farið til baka og A farið að tala við manninn. Þau hafi setið saman í bíl þegar þau sáu bíllinn koma. Kvað vitnið A ekki hafa labbað upp að bílnum fyrst heldur vitnið. Ekki mundi vitnið eftir því að maðurinn hefði verið ógnandi við A eða ýtt við henni en verið erfiður við hana. Vitnið kannaðist ekki við að einhver hefði fært bíllinn. Um hvort vitnið hefði munað eftir [...], á hæð, kvað vitnið ekki muna, en sami maður og hann talaði við hafi verið tekinn af lögreglu. Er vitninu var sýnd mynd af ákærða kvað vitnið hana geta verið af mannum; [...].

Er vitnið A kom að nýju fyrir dóm kvað hún hafa séð bíl koma og ökumanninn, þann sama og handtekinn hafi verið af lögreglu. Mundi vitnið ekki eftir [...]. Vitnið hefði séð bíllinn koma og þau D verið í bíl þar sem [...]. Vitnið hafi séð bíllinn sem kom lagt og þess vegna hafi hún farið út og upp að mannum. D hafi verið í bílum en svo komið þegar hann hafi séð æsinginn. Maðurinn hafi verið ógnandi en vitnið mundi ekki eftir hvort hann hefði ýtt við sér, hann hafi verið að koma út úr bílnum þegar hún kom að. Aðspurt kvað vitnið ljós bílsins hafa snúið í átt að Ingólfsfjalli, síðan þegar þau hafi komið aftur hafi verið búíð að færa bíllinn og hann ekki á sama stað og þá upp við girðingu til hliðar á milli húsa. Taldi vitnið líklegast að lögreglan hefði fært bíllinn. Vitnið kvað þau hafa verið í gulum vestum. Mynd af ákærða var sýnd vitninu og kvað vitnið hana sýna manninn sem hefði ekið bílnum og sem lögreglan handtók.

#### IV.

Í málinu er ákærða gefið að sök umferðalagabrot með því að hafa þann 7. júlí 2023, ekið bifreiðinni [...] um Fossnes við [...] Selfossi, undir áhrifum áfengis eins og nánar greinir í ákæru. Hefur ákærði neitað sök og haldið því fram að annar maður hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn. Er sá framburður í ósamræmi við það sem fram kom hjá ákærða við skýrslutöku hjá lögreglu daginn eftir.

Fram er komið að lögreglumenn stóðu ákærða ekki að ölvunarakstri heldur bar vitni þar um er lögregla kom á vettvang. Framburður A fyrir dómi er í nokkru samræmi við skýrslu hennar hjá lögreglu. Eins og áður er getið nefndi A annan mann sem verið hefði með henni við gæslustörf vegna hátíðar sem fram fór á Selfossi umrætt sinn. Í skýrslu þess manns, D, kom fram að hann hefði séð ökumann bifreiðarinnar aka inn á planið þar sem [...]. Bifreiðinni hefði verið ekið frá Selfossi og síðan snúið þannig að framljósinn beindust að leiðinni út úr Selfossi að Ingólfsfjalli. Er framburður A á sömu lund. Framburðum þeirra ber auk þess ekki saman um veigamikil atriði, þ.e. hvort þeirra hafi gengið fyrst að bifreiðinni þar sem ökumaðurinn steig út úr henni.

Framburður C er í allflestum atriðum í samræmi við framburð ákærða um atvik og að hann hafi ekið bifreiðinni en ekki ákærði. Kváðust þeir báðir hafa verið á leiðinni að Selfossi öndvert við það sem A og D hafa borið um. Fyrir liggur í málinu myndskleið þar sem grá bifreið, sem samsvarar lýsingu á bifreiðinni [...], sést lögð á þeim stað sem framburðir bera með sér en snýr í átt að Selfossi. Verður ekki séð af framburðum fyrir dómi að bifreiðin hafi verið færð á þessum tíma eftir að hún var stöðvuð og ökumaður steig út og eftir það snúið í gagnstæða átt á sama stað.

Þótt framburður ákærða sé um margt tortryggilegur miðað við skýrslugjöf hans hjá lögreglu daginn eftir atvikið er ekki unnt að leggja til grundvallar framburði A og D þannig að sannað megi telja og þannig hafið yfir skynsaman vafa að ákærði hafi ekið bifreiðinni. Er framburður þeirra sem fyrr segir um veigamikið atriði ólíkur og framburður þeirra beggja um það úr hvaða átt bifreiðinni var ekið og hvernig hún sneri á skjön við fyrrnefnt myndskleið og framburð ákærða og C.

Af framangreindum ástæðum þykir var sá vafi á sekt ákærða að ófært er að sakfella hann samkvæmt ákæru, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður hann því sýknaður.

Samkvæmt yfirliti lögreglustjóra nemur áfallinn sakarkostnaður 246.533 krónum sem eru 66.999 krónur vegna sýnarannsóknna, 89.138 krónur vegna blóðsýnatöku og 90.396 krónur vegna verjandastarfa undir rannsókn málsins. Þá telst til sakarkostnaðar þóknun skipaðs verjanda ákærða, Sverris Sigurjónssonar, lögmanns sem telst hæfilega ákveðin

750.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Skal sakarkostnaður greiðast úr ríkissjóði.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Sverris Sigurjónssonar, lögmanns að fjárhæð 750.000 krónur.

Einar Karl Hallvarðsson